

AUGLÝSING

um nýtt deiliskipulag við Reitarveg í Stykkishólmsbæ.

Bæjarstjórn Stykkishólmsbæjar samþykkti á fundi þann 11. apríl 2018 deiliskipulagstillögu samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Deiliskipulagstillagan er auglýst samhliða breytingu á aðalskipulagi 2002-2022.

Markmið skipulagsins og skilmála þess er að leggja grunn að fögru og vel byggðu umhverfi í góðum tengslum við strandlengjuna, til þýði fyrir bæinn. Skipulagið miðar einnig að því að skapa aðstöðu fyrir atvinnustarfsemi og íbúðabyggingar. Með fögru umhverfi og góðri aðkomu er kominn grundvöllur að fjölskrúðugu mannlífi. Þessi markmið nást ekki með skipulaginu einu saman, heldur mun framkvæmd þess, bæði af hálfu lóðarhafanna og sveitarfélagsins ráða mestu um hversu vel tekst til. Í skipulaginu er leitast við að raða byggingum og gefa þeim form, þannig að þær myndi samræmda byggingamassa, heillegar götummyndir, götu- og garðrými.

Ofangreind deiliskipulagsáætlun hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Stykkishólmi, 18. júní 2018.

Einar Júlíusson, skipulags- og byggingarfulltrúi.

B-deild – Útgáfud.: 28. júní 2018